

Reykjavík, 29. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni (158. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um opinberar eftirlitsreglur.*

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu enda felst í því áframhald á annars ágætri vinnu innan stjórnarráðsins síðustu ár. Frá því lög um opinberar eftirlitsreglur voru sett árið 1999 hefur verið ráðist í margs konar umbótavinnu. Má þar nefna átakið [Einfaldara Ísland](#) en á grunni þess var t.a.m. gátlisti fyrir frumvörp tekinn í gagnið til að vanda betur undirbúning þeirra, sérstök handbók gefin út um frumvarpasmíð og ráðuneytin settu sér einföldunarátætlanir fyrir gildandi regluverk.

Í þessari vinnu var mið tekið af vinnu í öðrum löndum s.s. í Bretlandi, Danmörku og Þýskalandi auk verkefna á vegum ESB og OECD. Þá hafa þjóðir á borð við Holland og Svíþjóð einnig lagt mikla áherslu á þennan málaflokk, með góðum árangri. Hvatinn að baki þessari stefnumótun er sá að einfalt og skilvirkt regluverk getur skilað miklum ábata s.s. fyrir starfsskilyrði atvinnulífs, atvinnusköpun, vernd grundvallarréttinda, skilvirka nýtingu auðlinda og frumkvöðlastarfsemi. Það kemur því vart á óvart að vinna af þessu tagi hafi almennt notið víðtæks stuðnings þvert á flokka í þessum löndum.


Áherslan í vinnu af þessu tagi er þannig fyrst og fremst lögð á að bæta gæði regluverks, en ekki afregluvæðingu eins og umræðan ber gjarnan með sér, enda þjóðar regluverk mikilvægu hlutverki og leiðir alla jafna til samfélagslegs ábata. Óþarflega umfangsmikið og flókið regluverk getur hins vegar skapað samfélagslegan kostnað umfram þann ábata sem stefnt er að. Regluverk getur t.a.m. hamlað samkeppni sem aftur dregur úr framleiðni og þar með hagvexti og atvinnustigi. Um þetta samspil fjallaði undirritaður í [nýlegri grein](#) og í [kynningu á hádegisverðarfundum FLE](#). Þá er ítarlega farið yfir þessa þætti í annars greinargóðri umsögn frumvarpsins.

Þrátt fyrir að frumvarpið sé afmarkað við reglubyrði atvinnulífsins þá er hér um að ræða hagsmunamál fyrir íslenskt samfélag í heild sinni. Það vill gjarnan gleymast að atvinnulífið og almenningur mynda órofa heild enda atvinnulífið samansafn af ólíku fólki héðan og þaðan úr samfélaginu. Kraftmikið atvinnulíf veitir heimilum lífsviðurværi og heimilin efla atvinnulífið með starfskröftum og neyslu. Hvorugt getur þannig án hins verið. Hvað þetta verkefni varðar má í þessu samhengi vísa til starfs OECD, sem fjallað er um í greinargerðinni, en þar hefur komið fram að umbætur á þessu sviði séu líklegar til að örva atvinnulíf með því að fyrirtækin geti þá varið meiru af fjármunum sínum og tíma til sköpunar verðmæta. Þannig geti bætt regluverk aukið hagvöxt og stuðlað að aukinni framleiðni og framförum.

Auk framangreinds er aukin samkeppni jafnframt leiðarljós í þessu frumvarpi sem ætlað er að tryggja frekar að ávinningur af bættu regluverki skili sér til almennings. Þá er tilvalið að horfa síðar meir sérstaklega á regluverk sem snertir almenning með beinum hætti og nýta þá vinnu sem hér verður lagt í.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.*

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri